

Ár 2015, mánudaginn 23. mars, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2014:

A

og

B

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson. Upp er kveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A. Gagnaðili er B.

2. AÐDRAGANDI

Aðdragandi máls þessa hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er sá að með bréfi, dags. 5. október 2014, beindi málshefjandi erindi til nokkurra aðila, þ.á m. til biskups Íslands. Tilefni bréfsins eru ummæli sem gagnaðili ritaði á fésbókarsíðu nafngreinds einstaklings. Í bréfinu kemur fram að gagnvart biskupi sé krafist svara við því hvort þessi skrif gagnaðila séu opinber yfirlýsing Biskupsstofu í ljósi þess að hann er titlaður vefprestur og skrifin eigi sér stað á vefnum eða hvort þau séu alfarið persónuleg skoðun hans. Þá krefst málshefjandi svara við því hvort gagnaðili starfi samkvæmt siðareglum og ef svo sé hvort hann hafi með þessum skrifum brotið þær siðareglur.

Með bréfi biskupsritara dags. 5. nóvember 2014 til málshefjanda var fyrstu tveimur spurningum málshefjanda svarað með því að tilgreina að skrif gagnaðila á umræddri fésbókarsíðu séu ekki opinber yfirlýsing Biskupsstofu heldur tjái hans persónulegu skoðun. Jafnframt er upplýst í bréfinu að þjóðkirkjan hafi sett sér siðareglur fyrir vígða þjóna og annað

starfsfólk þjóðkirkjunnar. Þær hafi verið samþykktar á kirkjuþingi árið 2009. Starf gagnaðila heyrir undir þær siðareglur. Með bréfinu var málshefjanda jafnframt tilkynnt að biskup Íslands hyggðist fela úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar að taka til umfjöllunar þriðju spurningu málsaðila, þ.e. spurninguna um það hvort umrædd skrif gagnaðila hafi verið brot á þessum tilgreindu siðareglum. Var málshefjandi inntur eftir viðbrögðum við þeirri málsmeðferð.

Með bréfi dags. 11. nóvember 2014 tilkynnti málshefjandi að hann væri sáttur við þá fyrirætlan að leggja málið fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Með bréfi dags. 2. desember 2014 var málið sent til meðferðar úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

3. KRÖFUGERÐ

Kröfugerð málshefjanda, eins og hún er send til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, felur í sér spurningu um það hvort nánar tilgreind ummæli gagnaðila í færslu á fésbókarsíðu annars nafngreinds aðila um blaðaviðtal við málshefjanda feli í sér brot á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Gagnaðili telur sig ekki hafa brotið þessar siðareglur, hvorki með upphaflegri færslu sinni né þeirri endurskoðuðu.

4.MÁLA VEXTIR

Fimmtudaginn 2. október 2014 birtist viðtal blaðamannsins C við málshefjanda í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni *Væri líf án trúarbragða mögulegt?* Hjá málshefjanda kemur fram að blaðamaðurinn hafi átt frumkvæði að viðtalinu.

Í kynningu viðtalsins kemur fram að *Lifað án trúarbragða* sé yfirskrift þriggja kvölda námskeiðs sem Siðmennt, félag siðrænna humanista standi fyrir. Málshefjandi, sem er í kynningunni titlaður heimspekingur og kennari, haldi utan um námskeiðið en sjálfur hafi hann annast fræðslu í kringum borgaralega fermingu, auk þess sem hann kenni unglingum heimspeki í ...skóla. Mestum hluta viðtalsins er varið í að fjalla um viðfangsefni námskeiðsins,

en í lok þess er vikið að Siðmennt og fyrir hvað þau samtök standa. Vísað er á heimasíðu samtakanna og upplýst að þau taki þátt í ýmsum veraldlegum athöfnum á borð við hjónavígslur, nafngjöf, útfarir og borgaralega fermingu.

Með viðtalinu birtust þrjár myndir, ein af trúarbragðaiðkun, önnur af ...skóla og sú þriðja af málshefjanda, sem sýnist tekin í skólastofu. Í bréfi málshefjanda dags. 5. október 2014 kemur fram að umrædd mynd hafi verið tekin í ...skólanum fyrir löngu síðan á námskeiði sem börn hafi sótt af fúsum og frjálsum vilja og að hún hafi verið tekin á milli kl. 17.00 og 18.00 eftir að skólatíma er lokið.

Í litlu innslagi í viðtalinu er fjallað um heimspeki sem námsgrein og skýrt frá því að málshefjandi kenni heimspeki í ...skóla. Heimspeki sé skyldufag í 8. bekk en valfag í 9. og 10. bekk. Fjallað er um þátttöku nemenda í heimspeki sem valfagi og skýrt frá því að málshefjandi hafi gefið út heimspekirit, sem notað sé við kennsluna. Þessu innslagi fylgir lítil mynd, einng úr skólastofu.

Í áður nefndu bréfi málshefjanda kemur fram að eftir að hann og blaðamaðurinn höfðu rætt um námskeiðið hafi þau spjallað óformlega um Siðmennt og heimspekikennslu hans. Þegar viðtalið birtist hafi komið í ljós að blaðamaðurinn hafi fjallað um allt sem fram kom í spjalli þeirra, bæði formlegu og óformlegu. Málshefjandi tekur fram í bréfi sínu að hann telji umfjöllun blaðamannsins til fyrirmyndar.

Sama dag ritar nafngreindur einstaklingur færslu á fésbókarsíðu sína og mun þar hafa verið að fjalla um heimsóknir Gídeonmanna í skóla í tilefni fyrirhugaðar heimsóknar félagsins í ...skóla.

Þau ummæli sem viðkomandi lét falla á fésbókarsíðu sinni um heimsóknir Gídeonmanna í skóla og áður nefnt viðtal við málshefjanda í Morgunblaðinu urðu gagnaðila tilefni til að varpa fram spurningu í umræðunni. Ummælin sem gagnaðili setti á heimavegg þessa nafngreinda einstaklings voru svohljóðandi:

Í Morgunblaðinu í gær er sagt frá námskeiði á vegum Siðmenntar sem fjallar um líf án trúarbragða. Kennarinn er leiðbeinandi í borgaralegri ferðingarfærslu. Hann kennir líka heimspeki í ...skóla. Með fréttinni er mynd af skólanum og mynd af kennaranum þar sem ungmenni eru í bakgrunni. Kannski er hún tekin í skólanum.

Er nokkur hættu á því að undir formerkjum heimspekikennslu fari fram áróður á forsendum hagsmunaaðilans Siðmenntar, skráðs lífsskoðanafélags? Ég spyr af því að ég hef heyrt af því frá krökkum í ... að A liggi ekki á skoðunum sínum.

Ég er auðvitað hlutdrægur því ég er í hinu liðinu ;) en mér finnst þetta mikilvægt umræðuefni. Ég vil hvorki áróður frá kirkjupresti eða borgaralegum „presti“ í kennslutíma í skólum barnanna minna.

Annars er ég alveg sammála því sem kemur fram í reglunum sem D vísaði til efst í þessum þræði: Í skólanum á að fara fram fræðsla, á forsendum skólans. Ef utanaðkomandi aðilar -eins og Gídeonfélagið eða Siðmennt -heimsækja skólann þá þarf það að vera í fræðslutilgangi og ekki til trúboðs eða innrætingar. Þetta er alveg óháð tilgangi félagsskaparins að öðru leyti.

Gagnaðili segist hafa endurskoðað ummæli sín nokkrum mínútum síðar. Málshefjandi segir að skjáskot hafi náðst af ummælunum í sinni upprunalegu mynd, því afrit af þeim fylgir upphafsbréfi málshefjanda. Eftir endurskoðun gagnaðila voru ummælin svohljóðandi (undirstrikaður texti er nýr, útstrikaður texti var fjarlægður):

Í Morgunblaðinu í gær er sagt frá námskeiði á vegum Siðmenntar sem fjallar um líf án trúarbragða. Kennarinn er leiðbeinandi í borgaralegri ferðingarfærslu. Hann kennir líka heimspeki í ...skóla. Með fréttinni er mynd af skólanum og mynd af kennaranum þar sem ungmenni eru í bakgrunni. Kannski er hún tekin í skólanum. Hvaða skilaboð sendir það? _____

~~Er nokkur hættu á því að undir formerkjum heimspekikennslu fari fram áróður á forsendum hagsmunaaðilans Siðmenntar, skráðs lífsskoðanafélags? Ég spyr af því að ég hef heyrt af því frá krökkum í ... að A liggi ekki á skoðunum sínum.~~

~~Ég er auðvitað hlutdrægur því ég er í hinu liðinu ;) en mér finnst þetta mikilvægt umræðuefni. Ég vil hvorki áróður frá kirkjupresti eða borgaralegum „presti“ í kennslutíma í skólum barnanna minna.~~

Annars er ég alveg sammála því sem kemur fram í reglunum sem D vísaði til efst í þessum þræði: Í skólanum á að fara fram fræðsla, á forsendum skólans. Ef utanaðkomandi aðilar -eins og Gídeonfélagið eða Siðmennt -heimsækja skólann þá þarf það að vera í fræðslutilgangi og ekki til trúboðs eða innrætingar. Þetta er alveg óháð tilgangi félagsskaparins að öðru leyti.

Athugun úrskurðarnefndar á umræddri færslu á fésbókarsíðu nafngreinds einstaklings leiddi í ljós að upphafleg færsla gagnaðila birtist kl. 12:20 hinn 3. október 2014. Kl. 12:40 kemur næsta færsla í umræðuþráðinn þar sem færsla gagnaðila er m.a. sögð „... ömurleg tilraun til að sverta A og starf hans sem kennara ” Gagnaðili breytti færslu sinni kl. 12:44, eða 4 mínútum eftir að þessi athugasemd birtist við færslu hans. Undir færslu hans kom þá orðið „Edited”. Með því að smella á þetta orð birtist lítill gluggi undir fyrirsögninni „Breytingasaga”. Þar sést bæði upphafleg færsla gagnaðila og færsla hans eftir breytinguna.

5. RÖKSTUÐNINGUR MÁLSAÐILA

5.1 Rökstuðningur málshefjanda

Í margnefndu bréfi málshefjanda frá 5. október 2014, sem er eina bréfið sem úrskurðarnefndin hefur fengið með kröfugerð og rökstuðningi málshefjanda, kemur fram að hann telur gagnaðila hafa í opinberum skrifum sínum á fésbókarsíðu nafngreinds aðila dylgjað opinberlega um störf sín. Málshefjandi tilgreinir að með orðinu „dylgja“ sé hann að vísa í merkingu þess skv. Íslenskri orðabók Menningarsjóðs frá 1978, sem sé að gefa eitthvað illt í skyn um einhvern án þess að segja það beint. Málshefjandi telur gagnaðila hafa með skrifum sínum gefið sterklega í skyn að sem heimspekikennari sé málshefjandi ekki þess trausts verður að kenna börnum og að í kennslustundum hans fari fram eitthvað sem kalla mætti vafasamt. Því hafni hann alfarið og líti svo á að um mjög alvarlegar aðdróttanir sé að ræða sem fyrst og fremst og e.t.v. einvörðungu séu til þess ætlaðar að vega að starfsheiðri sínum og sverta sig sem persónu.

Málshefjandi telur að mögulega varði umrædd skrif gagnaðila við XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um ærumeiðingar. Fram kemur að málshefjandi líti málið mjög alvarlegum augum, ekki síst í ljósi þess að umrædd ummæli um störf sín hafi verið höfð af starfsmanni áhrifamikillar stofnunar hér á landi. Mikilvægt sé að komast til botns í þessu máli og að málshefjandi geti fengið það staðfest að gagnaðili fari með dylgjur. Slíkt sé ekki bara mikilvægt fyrir hann og starfsheiður hans heldur einnig fyrir börnin sem honum sé treyst fyrir og foreldra þeirra.

Í ljósi þessa fer málshefjandi þess á leit að því sé svarað hvort skrif gagnaðila séu brot á siðareglum sem gagnaðili sé bundinn af og bendir á að það sem einu sinni sé skrifað á vefinn verði ekki svo auðveldlega tekið burt þaðan.

5.2 Rökstuðningur gagnaðila

Greinargerð gagnaðila til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar vegna máls þessa er dags. 12. janúar 2015. Í greinargerðinni hafnar gagnaðili öllum ásökunum málshefjanda í sinn garð, og segir þær ekki eiga við rök að styðjast. Í rökstuðningi sínum vísar gagnaðili til samhengis ummæla sinna, ummælanna sjálfra og framhalds málsins. Gagnaðili telur það skipta máli hvert var samhengi ummælanna sem hann færði á fésbókarsíðu nafngreinds aðila, því það hafi mótað innlegg hans í umræðuna. Til umfjöllunar hafi m.a. verið sú fullyrðing að skólar eigi að vera veraldlegir og fyrir alla. Á vef Siðmenntar sé orðið „veraldlegt“ notað til að lýsa þeim athöfnum sem lífsskoðunarfélagið standi fyrir og þær kallaðar veraldlegar athafnir. Þegar stjórnarmaður í Siðmennt lýsi því yfir að skólinn eigi að vera veraldlegur þá skilji hann það svo að stjórnarmaðurinn telji að skólinn eigi að taka afstöðu, m.a. gegn hinu trúarlega, ekki vera hlutlaus. Þessi yfirlýsing stjórnarmannsins sé sambærileg því að hann sem prestur lýsi því yfir að skólinn eigi að vera trúarlegur.

Gagnaðili rekur í greinargerð sinni að málshefjandi sé stjórnarmaður og ritari í Siðmennt. Hann sé jafnframt fræðslustjóri í borgaralegri fermingu, athafnastjóri hjá félaginu, heimspekingur og kennari við ...skóla. Málshefjandi mái sjálfur út mörkin milli þessara hlutverka sinna á vefjum sem hann heldur úti, fyrst á blogginu A til ársins 2010 og síðar á vefnum XXX. Þar fjalli hann jöfnum höndum um heimspeki, kennslu sína í ...skóla, lífsskoðanir og trúmál. Þetta tengist allt í hans persónu. Á síðarnefnda vefnum birti hann til dæmis ummæli eftir nemendur sína við ...skóla í færslunni „Margir leggja stund á heimspeki í vetur.“ Hann birti einnig myndband á vefnum sem sé lokaverkefni nemenda hans í heimspeki í ...skóla. Þá hafi hann einnig birt ljósmyndir frá *Degi heimspekinnar* í ...skóla á vefnum. Í miðluninni á eigin vef, sem sé öllum aðgengilegur, þar með talið nemendum hans, búi

málshefjandi til tengingu milli heimspekingsins, kennarans og fulltrúa lífsskoðunarfélagsins. Með umfjöllun um nemendur sína og kennsluna í skólanum stuðli hann jafnframt að því að nemendurnir heimsæki vefinn.

Gagnaðili segir upphaflegu ummæli sín og þá spurningu sem hann varpaði þar fram hafa átt að vera retorísk. Ekki hafi verið um að ræða yfirlýsingu af sinni hálfu um málshefjanda sem kennara eða fagmennsku hans í kennslustofunni. Tilgangurinn hafi verið að spyrja hvort það sama hlyti ekki að gilda um mann sem stundaði boðun á vegum lífsskoðunarfélags og mann sem stundaði trúboð á vegum trúfélags.

Gagnaðili segir orðalag upphaflegu ummællanna hafa verið ónákvæmt og boðið upp á misskilning. Því hafi hann endurskoðað þau nokkrum mínútum síðar. Hann hafi tekið til baka tvær málsgreinar og umorðað eina. Gagnaðili fullyrðir í greinargerð sinni að upphaflegu ummælin séu ekki lengur sýnileg á vefnum.

Þá segist gagnaðili hafa bætt við nýrri athugasemd í umræðuþráðinn til að öllum mætti vera ljóst að hann væri ekki að gefa út yfirlýsingu um málshefjanda sem kennara eða draga fagmennsku hans í efa. Í þeirri færslu segi:

[V]ið eigum ekki að setja fókus á einstaklinga eða hópa í svona samtali. Ég endurskoðaði athugasemdina þannig að það sé ljóst enda vil ég sist af öllu vega að kennaranum A.

Gagnaðili segist hafa dregið málshefjanda inn í samtal um hlutleysið í skólastofunni af því að hann sé bæði kennari og fulltrúi lífsskoðunarfélagsins Siðmenntar eins og sá sem stofnaði umræðuþráðinn á fésbókinni. Tilgangurinn hafi verið að spyrja í ljósi ummæla viðkomandi, hvort þau giltu ekki líka um þann sem gegndi opinberri stöðu hjá skráðu lífsskoðunarfélagi og félli sem slíkur í hóp þeirra sem boða ákveðna lífsskoðun.

Gagnaðili segir að síðar sama dag hafi málshefjandi sjálfur birt upphaflegu ummælin á fésbókinni. Það hafi hann gert í ummælum við sama umræðuþráð. Málshefjandi hafi kosið að horfa framhjá því að hann hafi endurskoðað upphaflegu ummælin og tekið fram að hann væri ekki að fjalla um hann sem kennara. Málshefjandi hafi einnig birt upphaflegu ummæli hans í desember 2014 á vef lífsskoðunarfélagsins Siðmenntar sem hluta af Jóláhugvekjju félagsins. Jóláhugvekjan hafi verið flutt á útvarpsstöðinni xxx. Þar horfi málshefjandi aftur framhjá orðum hans um að hann hafi ekki verið að fjalla um hann sem kennara og geri honum upp skoðanir.

Gagnaðili bendir að lokum á að með því að slíta texta úr samhengi megi auðveldlega lesa aðra merkingu en ætlun stóð til. Hann hafnar því að hafa gefið í skyn nokkuð misjafnt um málshefjanda sem kennara, hann hafi breytt ummælum sínum að nokkru nánast um leið og þau féllu og að málshefjandi sjálfur tengi ítrekað saman lífskoðanir sínar og kennslu.

6. NIÐURSTAÐA

6.1 Um málsmeðferð úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli 1/2014

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (þjóðkirkjulög) segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Mál þetta bar að með þeim hætti að biskup Íslands ákvað að vísa einum þætti í kvörtun málshefjanda til afgreiðslu úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Það var gert með samþykki málshefjanda.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar starfar eins og áður segir skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga og starfsreglum sem settar hafa verið um störf nefndarinnar nr. 730/1998. Þar eru nefndinni sett ítarleg fyrirmæli um meðferð þeirra mála sem til nefndarinnar er vísað. Gilda þær reglur jafnt um mál sem málshefjendur vísa sjálfir til nefndarinnar og mála sem kirkjustjórnin kys að senda til nefndarinnar, eins og tilfellið er í máli þessu.

Úrskurðarnefndin hefur við meðferð máls þessa fylgt þeim málsmeðferðarreglum sem gilda um störf nefndarinnar. Hún gaf því málshefjanda kost á því að skila nýrri greinargerð með kröfugerð. Málshefjandi skilaði hvorki nýrri greinargerð né kröfugerð umfram það sem fram kom í fyrsta bréfi hans dags. 5. október 2014 til biskups Íslands og fleiri aðila.

Eftir að gagnaðili hafði skilað sinni greinargerð taldi nefndin þörf á því að kalla eftir upplýsingum frá málshefjanda. Með tölvubréfi dags. 14. janúar 2015 kallaði nefndin eftir þrennu frá málshefjanda, afriti af bréfi ...skóla til hans, hvert hafi verið svar stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur við erindi hans vegna málsins, en áðurnefnt bréf hans frá 5. október var m.a. sent þeim aðila, og upplýsingum um það hvort hann hafi átt kost á því að lesa yfir viðtal það sem birtist við hann í Morgunblaðinu, áður en það var birt. Í upphaflegum tölvupósti var ranglega kallað eftir svari stjórnar KÍ en það var leiðrétt í síðari pósti.

Málshefjandi sendi nefndinni með tölvupósti dags. 20. janúar 2015 afrit af bréfi skólastjóra ...skóla og vakti athygli á að bréfið hafi verið sent biskupi Íslands. Jafnframt vakti málshefjandi athygli á fyrri pósti sínum frá 11. desember 2014 þar sem fram kom að hann væri eingöngu að óska eftir svari við því hvort siðareglur hafi verið brotnar. Í ljósi þessa sjái hann ekki gild rök fyrir því að úrskurðarnefndin þurfi upplýsingar um það hvort hann hafi lesið yfir drög að umræddri blaðgrein eða hver samskipti hans við Kennarasamband Íslands hafi verið til að nefndin geti svarað þeirri einu spurningu sem hann hafi beint til Biskupsstofu.

Nefndin taldi nauðsynlegt, í ljósi þessara ummæla málshefjanda, að benda málsaðilum á að hún starfi skv. 12. og 13. gr. þjóðkirkjulaga og stjórnarsýslulögum. Skv. rannsóknarreglu beri stjórnvaldi að sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun sé tekin. Þau atriði sem hún hafi kallað eftir tengist rannsóknarskyldu hennar. Nefndin benti málshefjanda jafnframt á að umbeðin gögn geti hann sent með andmælum sínum vegna greinargerðar gagnaðila.

Málshefjandi hefur hvorki sent úrskurðarnefnd umbeðin gögn né komið á framfæri athugasemdum eða ábendingum vegna greinargerðar gagnaðila. Málshefjandi hefur þannig ekki mótmælt málavaxtalýsingu gagnaðila. Athugun úrskurðarnefndar leiddi hins vegar í ljós að málavaxtalýsing gagnaðila reyndist ónákvæm, sbr. lokamálsgrein í kafla 4.

Af hálfu nefndarinnar var einnig kallað eftir athugasemdum málsaðila vegna bréfs skólastjóra ...skóla dags. 17. október 2014 og Reglum um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög sem borgarráð Reykjavíkur samþykkti 4. október 2011. Hvorugur málsaðila kom athugasemdum á framfæri vegna þessara gagna.

6.2 Siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar

Í aðfararorðum siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar segir m.a. að starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar séu fulltrúar kirkju sinnar og skuli gæta þess í starfi og einkalífi að hafa virðingu hennar í heiðri. Siðareglurnar eru nánar útfærðar í 21 grein.

Úrskurðarnefndin telur að vegna máls þessa komi til skoðunar eftirfarandi greinar siðareglnanna:

1. Gera sér far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur og samviska bjóða hverju sinni og láta sér annt um líðan og velferð annarra.
2. Gæta vandvirkni, samvirkusemi og heiðarleika í starfi og að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, stað og stund.
13. Sýna ábyrg rafræn samskipti og netnotkun.
20. Sýna jafnan trú og siðum annarra umburðarlyndi og forstöðumönnum og prestum annarra trúfélaga og kirkjudeilda virðingu.
21. Gæta þess að vera málefnaleg og gæta varkárni í ummælum um kenningarleg og guðfræðileg mál, hvort sem er í samræðum eða opinberlega.

6.3 Skoðana- og tjáningarfrelsi¹ og siðareglur

Í 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, eins og greininni var breytt með 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 segir:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannröðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Ákvæðið hefur það markmið að vernda skoðana- og tjáningarfrelsið. Skoðana- og tjáningarfrelsið eru í flokki elstu og mikilvægustu réttinda borgaranna og eru óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Tjáningarfrelsið er þó meðal vandmeðförnustu mannréttindanna, enda er ekki hægt að njóta þess án ábyrgðar og getur því verið nauðsynlegt að setja þessu frelsi ýmsar skorður vegna tillits til hagsmuna annarra einstaklinga.

Í 1. mgr. ákvæðisins er sú grundvallarregla að allir menn séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Samkvæmt þessu ákvæði njóta menn frelssis um lífsskoðanir sínar og á það einnig við um trúarlega sannfæringu þeirra. Trúarskoðunum manna er þó veitt sérstaklega rík vernd eins og kemur fram í 62. og 63. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er réttarins til frjálsrar sannfæringar getið í 1. mgr. til áréttingar, enda þarf hann ekki endilega að varða trúarsannfæringu.

Óheimilt er talið að mæla fyrir um nokkrar takmarkanir á þeim réttindum sem talin eru í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í reglunni um að menn séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar felst einnig réttur foreldra til þess að menntun og fræðsla barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Er þetta í samræmi við 2. gr. 1. samningsviðauka við mannréttinasáttmála Evrópu og 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi.

Í 2. og 3. mgr. 73. gr. eru fyrirmæli varðandi tjáningarfrelsi. Grunnreglan um tjáningarfrelsi kemur fram í upphafi 2. mgr. þar sem er mælt fyrir um að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Í 3. mgr. 73. gr. er gengið út frá að grunnreglan um rétt manna til að tjá sig í þeim skilningi, sem um ræðir að framan, geti sætt ýmiss konar undantekningum. Í síðari málsli. 2. mgr. 73. gr. er þó tekið af skarið um að undantekningarnar megi ekki vera af þeim toga að þær feli í sér ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi. Með banni við ritskoðun og öðrum sambærilegum tálmunum er hér nánar tiltekið átt við að ekki megi lögfesta reglur sem feli í sér að maður verði knúinn til að leita opinbers leyfis fyrir fram til að mega tjá skoðun sína við aðra. Er þannig gengið út frá að almennt verði þær takmarkanir

¹ Umfjöllun um 73. gr. stjórnarskrárinnar í þessum kafla byggist fyrst og fremst á skýringum með 11. gr. frumvarps til stjórnarskipunarlaga sem varð að 73. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, sjá frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 297. mál, þskj. 389. Vefútgáfa Alþingistíðinda, aðgengilegt á vefslóðinni: <http://althingi.is/altext/118/s/0389.html>. [Sótt á vefinn 15. mars 2015.]

á tjáningarfrelsi sem geti talist heimilar eftir 73. gr. að koma fram á þann hátt að þeim verði fyrst og fremst beitt eftir að tjáning hefur átt sér stað, líkt og gerist við málsókn til að koma fram viðurlögum vegna meiðyrða sem felist í þegar föllum ummælum. Eftir atvikum eiga þær þó við áður en tjáningin á sér stað ef komið er fram að hún vofi yfir eins og getur t.d. gerst þegar leitað er lögbanns til að koma í veg fyrir útgáfu rits sem geymir ærumeiðandi ummæli um mann. Með þessu er þó ekki fyllilega unnt að útiloka að tjáningarfrelsi geti sætt takmörkunum sem standi ekki fjarri mörkum ritskoðunar í fyrrnefndum skilningi.

Í niðurlagi fyrri másl. 2. mgr. 73. gr. kemur fram að þótt menn njóti réttar til að tjá hugsanir sínar verði þeir að ábyrgjast þær eftir á fyrir dómi.

Þó siðareglur séu ekki lögfestar reglur þá eru þær engu að síður bindandi fyrir þá sem undir þær falla. Með siðareglum þjóðkirkjunnar hefur kirkjuþing samþykkt að í orðum sínum og gjörðum skuli vígðir þjónar þjóðkirkjunnar og aðrir starfsmenn virða þær reglur sem í þeim felast. Í þeim felast m.a. fyrirmæli um það að gæta þess að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, að rafræn samskipti og netnotkun skuli vera ábyrg, að sýna trú og síðum annarra umburðarlyndi, að gæta þess að vera málefnaleg og varkár í ummælum um kenningarleg og guðfræðileg mál, bæði í samræðum og opinberlega.

6.4 Ummæli gagnaðila á fésbókar síðu nafngreinds aðila

Allir eiga rétt á leiðréttingu orða sinna, gagnaðili líkt og aðrir. Gagnaðili taldi sjálfur að hluti upphaflegra ummæla hans væri óheppilegur og breytti þeim. Í greinargerð gagnaðila segir hann að upphafleg ummæli hans séu ekki lengur sýnileg á vefnum. Athugun úrskurðarnefndarinnar hefur leitt annað í ljós, eins og að framan hefur verið rakið. Upphaflegu ummælin eru enn auðveldlega sýnileg öllum sem séð geta umræðuþráðinn sem þau voru rituð í.

Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess hvort upphafleg ummæli gagnaðila teljist brot á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Upphafleg ummæli gagnaðila voru:

Í Morgunblaðinu í gær er sagt frá námskeiði á vegum Siðmenntar sem fjallar um líf án trúarbragða. Kennarinn er leiðbeinandi í borgaralegri ferminarfræðslu. Hann kennir líka heimspeki í ...skóla. Með fréttinni er mynd af skólanum og mynd af kennaranum þar sem ungmenni eru í bakgrunni. Kannski er hún tekin í skólanum.

Er nokkur hætta á því að undir formerkjum heimspekikennslu fari fram áróður á forsendum hagsmunaaðilans Siðmenntar, skráðs lífsskoðabafélags? Ég spyr af því að ég hef heyrt af því frá krökkum í ... að A liggi ekki á skoðunum sínum

Ég er auðvitað hlutdrægur því ég er í hinu liðinu ;) en mér finnst þetta mikilvægt umræðuefni. Ég vil hvorki áróður frá kirkjuþresti eða borgaralegum „presti“ í kennslutíma í skólum barnanna minna.

Annars er ég alveg sammála því sem kemur fram í reglunum sem D vísaði til efst í þessum þræði: Í skólanum á að fara fram fræðsla, á forsendum skólans. Ef utanaðkomandi aðilar -eins og Gídeonfélagið eða Siðmennt -heimsækja skólann þá þarf það að vera í fræðslutilgangi og ekki til trúboðs eða innrættingar. Þetta er alveg óháð tilgangi félagsskaparins að öðru leyti.

Í 1. málsgrein ummælaanna fjallar gagnaðili almennt um viðtalið við málshefjanda, sem birtist í Morgunblaðinu 2. október 2014. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur ekkert þar koma fram er brjóti gegn siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Í fyrri setningu 2. málsgreinar felst spurning er tengist því að í viðtali við málshefjanda, sem birtist 2. október 2014, er í umfjöllun um námskeið sem hann hefur fyrirvar fyrir á vegum lífsskoðunarfélagsins Siðmenntar einnig fjallað um heimspekikennslu sem hann annast í Réttarholtsskóla og stöðu hans í lífsskoðunarfélaginu Siðmennt. Þetta kemur fram strax í

aðfararorðum viðtalsins. Málshefjandi hefur ekki upplýst nefndina um hvort hann las handrit þess yfir fyrir birtingu.

Við mat á því hvort ummælin brjóti siðareglurnar telur úrskurðarnefndin að líta beri til þess að borgarráð Reykjavíkur samþykkti hinn 4. október 2011 ítarlegar reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög. Í þeim felst að trúar- og lífsskoðunarfélög skuli ekki stunda starfsemi sína innan veggja leik- og grunnskóla borgarinnar á skólatíma.

Að öllu þessu virtu telur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar þá spurningu, sem gagnaðili varpaði fram í fyrri setningu 2. málsgreinar hafa átt rétt á sér og fellst ekki á að þessi setning brjóti gegn ákvæðum siðareglanna.

Í síðari setningu 2. málsgreinar ummælnanna vísar gagnaðili í orðróm sem hann segist hafa heyrt frá nemendum í ...skóla. Í síðari hluta 2. gr. siðareglanna segir að orð og athæfi vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar skuli samrýmast starfi og umhverfi, stað og stund. Þá segir í 13. Gr. sömu reglna að þeim beri að sýna ábyrg rafræn samskipti og netnotkun. Úrskurðarnefndin telur það ekki í samræmi við framangreind ákvæði siðareglanna að vígður þjónn beri á borð óstaðfestan orðróm með þessum hætti. Ummælin brjóta því gegn 2. og 13. gr. siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Í 3. og 4. málsgreinum kemur fram afstaða gagnaðila til þess að trúfélög og lífsskoðunarfélög heimsæki skóla í fræðslutilgangi. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur ekkert í 3. og 4. málsgreinum ummælnanna vera af þeim toga að þau brjóti gegn ákvæðum siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

6.5 Samantekt

Það er niðurstaða úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að síðari setning 2. málsgreinar ummæla gagnaðila sem birtust kl. 12:20 á umræðuþræði á fésbókarsíðu nafngreinds einstaklings hinn 3. október 2014 brjóti gegn 2. og 13. gr. siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.


Í siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar eru ekki ákvæði um viðurlög vegna brota á þeim. Hvorki 12. gr. þjóðkirkjulaga né starfsreglur nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar gera ráð fyrir viðurlögum vegna siðabrota. Úrskurðarnefndin vill taka fram að jafnvel þó slík viðurlög væru til staðar þá hefði hún ekki beitt þeim í þessu máli með hliðsjón af málavöxum öllum en einkum því að gagnaðili breytti ummælum sínum, felldi út þá setningu sem nefndin telur brjóta gegn siðareglunum og taldi hana ekki lengur sýnilega.

Úrskurðarorð:

Gagnaðili, B telst með setningunni: „Ég spyr af því að ég hef heyrt af því frá krökkum í ... að A liggja ekki á skoðunum sínum“ hafa viðhaft ummæli sem brjóta gegn 2. og 13. gr. siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar .

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málshefjanda var tilkynnt um hann.²

Reykjavík, 23. mars 2015.



Dógg Pálsdóttir



Elsa S. Þorkelsdóttir



sr. Hreinn S. Hákonarson

² Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.